



Grunnskóli
Hafnarfjarðar

VALBÆKLINGUR Í 7. – 9. BEKK VORHD 2022

Valtíminn er 60 mínútur og er á
fimmtudögum kl. 13:00.

Tvö valtímabil verða fram að vori, það fyrra
hefst 6. janúar og það síðara 14. mars. Hver
nemandi á að velja sér tvo hópa númer 1,
tvo númer 2 og tvo númer 3. Reynt verður að
koma öllum í fyrsta val en reynslan sýnir að
er það ekki alltaf hægt og því er mikilvægt
að nemendur séu sáttnir við allt sem þeir
velja sér.

Munið að lesa vel hvað er í boði svo þið
séuð viss um að vilja það sem þið
veljið.



1. Útsaumur með Jónínu

Í þessu vali ætlum við að læra að sauma mismunandi útsaumsspor eins og krosssaum, aftursaum og franska hnúta. Við finnum mynd sem við yfirfærum á rúðustrikað blað til að geta talið út sporin.



2. Kósý í myndmennt með Jónínu

Í þessu vali ætlum við að fara í smá tilraunastarfsemi með mat og myndlist. Búa til vatnsliti með því að nota mismunandi krydd og vökva sem finnast í eldhúsinu. Einnig skera út stimpla úr kartöflum og prykkja á blað.



3. Sænskar smákökur og konfekt

Nemendur læra að baka sænskar smákökur og konfekt. Nemendur fá að spreyta sig á að þýða uppskriftirnar úr sænsku



4. Dans

Stuð og dillandi stemning er allsráðandi. Tími fyrir alla sem elska að dansa þar sem gleymir þér algjörlega í og þú lærir fullt af dönsum.



5. Heimavinna

Vantar þig aðstoð við heimanám? Langar þig að spjalla um heima og geima? Viltu reyna þig í stærðfræðispilum eða þrautum? Mælt er með því að þeir sem vilja fá ró og næði komi í þennan hóp. Þar verður nóg að gera en allt í rólegri kantinum.



6. Golf

Þetta val er fyrir þá sem vilja læra golf eða verða betri í golfi. Staða, grip, sveifla og fleira kennt og æft. Þetta val verður einungis kennt á fyrra tímabilinu og þeir sem velja það verða sjálfir að koma með golfsettið.




7. Flag – Football

Spilaður verður Amerískur fótbolti án tæklinga og lærðar helstu reglur í leiðinni. Í staðinn fyrir að tækla þarf varnarlið að taka fána/band af mótherja með boltann.



8. Skólahreysti

Æft verður fyrir skólahreysti sem haldin er á Egilsstöðum árlega. Mikið þrek, armbeygjur, upphíingar, dýfur og hreystigrip.



9. Föndurstund í myndmennt

Föndrað verður með ýmislegan efnivið þar sem hugmyndir frá nemendum eru hafðir í fyrirrúmi.



10. Föndurstund í textíl

Föndrað verður með ýmislegan efnivið þar sem hugmyndir frá nemendum eru hafðir í fyrirrúmi.



11. Andlitsmálning

Í þessu vali verður unnið með ákveðna viðburði eins og t.d. öskudag eða vikuhátíð. Unnin verður portfolio mappa með hugmyndum nemenda.

12. Fingrasetning

Hér er farið í að æfa rétta fingrasetningu, læra stöðu bókstafa á lyklaborðinu til að æfa og bæta innsláttarhraða sinn án þess að þurfa að horfa á lyklaborðið.



13. Spilaval

Í valinu kynnumst við ýmiskonar borðspilum sem spiluð eru í smærri og stærri hópum. Við kynnumst spilunum og reglum sem fylgja hverju spili fyrir sig.



14. Danska

Viltu auka færni þína í dönsku? Viltu fræðast um danska menningu og siði? Viltu horfa á spennandi og góðar danskar myndir? Komdu þá í dönskuval það verður bara gaman.



15. Pappírsföndur og endurnýting

Í þessu valnámskeiði lærum við alls kyns pappírsföndur, t.d. origami. Einnig notum við hluti sem annars myndu enda sem rusl og búum til úr þeim eitthvað fallegt.



16. Creative writing

Námskeið á ensku fyrir þig sem hefur áhuga á skapandi skrif og langar að þróa rithæfileika þína. Þættir námskeiðsins:

- + Bókmenntaflokkar
- + Uppbygging persóna
- +Uppkast
- +Söguþráður
- +Að sýna í stað þess að segja frá
- +Ritstýra

Það er líka hægt að sérsníða eftir þörfum og óskum þátttakanda. Námskeiðið fer fram á ensku. Þáttakendur skila verkefni og fá endurgjöf. Markmiðin eru að þjálfra ensku samhliða að láta sköpunargáfuna og ímyndaraflið njóta sín.

17. Breakout Edu

Breakout EDU er skemmtilegur leikur sem snýst um að brjótast inn í læsta kassa og leysa þrautir. Þessir þrautaleikir eru orðnir mjög vinsælir um allan heim í svokölluðum Escape herbergjum. Í þessu vali munum við spila leiki en líka það allra skemmtilegasta búa til nýjar þrautir fyrir aðra hópa að leysa.



18. Hjólaval

Farið verður yfir nauðsynlegan búnað sem tengist hjólreiðum og útivist og farið verður bæði í styttri og lengri ferðir. Skilyrði að nemendur eigi reiðhjól og hjálm.



19. Hlutverkaleikur D&D

Nemendur fá að kynnst nýjustu útgáfu hlutverkaspilsins Dungeons and Dragons (5. útgáfa). Nemendur læra að skapa sína eigin persónu út frá reglum leiksins, velja sér útlit, hæfileika, hlutverk og ákveða svo bakgrunn persónunnar. Þegar persónur eru fullskapaðar er hægt að hefja leikinn sem snýst um að leikmenn sýni samstöðu og leysi ákveðin verkefni í sögu sem getur tekið óvænta stefnu. Eina sem nemendur þurfa að hafa með sér er góða skapið og vilja til að skapa og taka þátt í ævintýri þar sem álfar, dvergar, drekar og alls kyns ófreskjur geta komið við sögu.



20. Kátakot

Finnst þér gaman að vera með börnum? Kanntu skemmtilega leiki, bæði inni og úti sem þú gætir kennt og farið í með yngri börnum? Í Kátakoti eru börn í 1.-4. bekk sem langar mikið að fara í leiki með eldri krökkum. Þetta val gæti verið á öðrum dögum en fimmtudögum og þá verið frá kl. 14:30-16:00 en þá fellur fimmtudagstíminn niður í staðinn. Ef þetta er eitthvað fyrir þig skaltu endilega skrá þig í þetta val.



Valblað

Nafn: _____

Valhópur

Nú átt þú að velja þér valhópa fram að vori. Þú átt að velja fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja 1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar og 3 tvisvar sinnum. Reynt er að koma sem flestum í 1. val en ef það tekst ekki þá er notað 2. eða 3. val.

Útsaumur með Jónínu	()	Andlitsmálning	()
Kósý í myndmennt með Jónínu	()	Fingrasetning	()
Sænskar smákökur og konfekt	()	Spilaval	()
Dans	()	Danska	()
Heimavinna	()	Pappírsföndur, endurnýting	()
Golf	()	Creative writing	()
Flag - Football	()	Breakout EDU	()
Skólahreysti	()	Hjólaval	()
Föndurstund í myndmennt	()	Hlutverkaleikur D&D	()
Föndurstund í textíl	()	Kátakot	()

Athugið: Ekki verður hægt að breyta vali hjá þeim sem fá það sem þeir völdu svo verið viss um að vilja það sem þið veljið.

Ef einhverjar spurningar vakna varðandi valið þá vinsamlegast hafið samband við Eygló.

Vinsamlegast skilið valblaðinu fyrir 10. desember 2021